

Nefndasvið Alþingis  
Atvinnuveganefnd  
Austurstræti 98-10  
150 Reykjavík

Norðurland vestra, 5. apríl 2024

**Efni:** Umsögn þingsályktun um flutning höfuðstöðva Rarík ohf á landsbyggðina, mál 136.

Í Samráðsgátt stjórnvalda er nú til umsagnar tillaga til þingsályktunar um flutning höfuðstöðva Raríks ohf. á landsbyggðina, 136. mál. Í tillögunni er lagt til að Alþingi álykti að stefnt skuli að flutningi höfuðstöðva Raríks ohf. á landsbyggðina og að kannað verði á grundvelli hagsmuna félagsins hvar væri hentugast að byggja upp höfuðstöðvarnar og efla starfsstöðvar Raríks ohf. um landið.

Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra (SSNV) taka undir þau sjónarmið sem nefnd eru í þingsályktunartillögunni um staðsetningu höfuðstöðva Raríks ohf. Flutningur höfuðstöðva félagsins myndu samræmast áherslum byggðaáætlunar sem og stjórnarsáttmála ríkisstjórnarinnar auk stefna einstakra stjórnmalaflokka. Yrði flutningurinn vel til þess fallinn að fjölga störfum og bæta þannig búsetuskilyrði á landsbyggðinni. Það skýtur skökku við að þrátt fyrir að meginstarfsemi Raríks ohf. sé á landsbyggðinni séu höfuðstöðvarnar í Reykjavík. Eins og fram kemur í þingsályktunartillögunni endurspeglar núverandi staðsetning höfuðstöðvanna starfsemi félagsins ekki eins vel og hægt væri. Stjórn SSVN tekur því heilshugar undir efni þingsályktunartillögunar.

Stjórn SSVN vekur auk þess athygli á Norðurlandi vestra sem ákjósanlegri staðsetningu fyrir höfuðstöðvar Raríks ohf. Í landshlutanum er saga félagsins rík með rekstri virkjana og hitaveitna auk dreifikerfisins. Staðsetningin höfuðstöðva Raríks ohf. á Norðurlandi vestra yrði mikil lyftistöng fyrir atvinnulíf svæðisins en þegar eru starfsstöðvar félagsins á Sauðárkróki, Blönduósi og þar til nýverið á Hvammstanga. Á meðan starfsfólki í félagsins í höfuðstöðvum í Reykjavík hefur fjölgað hefur þeim sem starfsmönnum sem staðsettir eru á Norðurlandi vestra fækkað jafnt og þétt. Gott lag er því til að efla þessar starfsstöðvar félagsins með flutningi höfuðstöðvanna í landshlutann og styrkja þannig stöðir atvinnulífs svæðisins.

F. h. stjórnar Samtaka sveitarfélaga á Norðurlandi vestra



Katrín M. Guðjónsdóttir,

Framkvæmdastjóri